

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. júní 2023 í máli nr. 13/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. febrúar 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni 15.810 krónur auk kostnaðar við að leggja fram kvörtun til kærunefndarinnar.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubræfi, dags. 8. febrúar 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbræfi, dags. 29. mars 2023, sem varnaraðili tók við 31. sama mánaðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, staðfesting pöntunar og greiðslu til varnaraðila, afrit af skilmálum varnaraðila, útprentun úr hlutafélagaskrá vegna varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bræfi, dags. 25. maí 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili festi kaup á grjónapúða í vefverslun varnaraðila 25. nóvember 2022 og greiddi 15.810 krónur fyrir. Voru aðilar í nokkrum samskiptum í gegnum bæði tölvupóst og samskiptamiðlinn Messenger í kjölfar kaupanna. Þann 16. desember 2023 óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um fyrirhugaða afhendingu vörunnar. Þremur dögum síðar barst svar frá varnaraðila sem bar því við að afhending myndi tefjast sökum veðurs. Þann 20. desember 2022 upplýsti varnaraðili að reynt yrði að koma vörunni til sóknaraðila þann sama dag en að öðrum kosti gæti varnaraðili endurgreitt sóknaraðila kaupverðið. Ítrekaði sóknaraðili þá beiðni sína að fá vöruna afhenta en kvaðst þó reiðubúin að skoða þann möguleika að fá kaupverðið endurgreitt. Með skilaboðum 22. desember 2022 bauðst varnaraðili til að endurgreiða kaupverðið þar sem ekki væri víst að afhending myndi nást fyrir aðfangadag. Degi síðar upplýsti varnaraðili sóknaraðila að ekki yrði unnt að afhenda vöruna fyrr en milli jóla og nýárs. Féllst sóknaraðili á þá tilhögun 23. desember 2022. Af samskiptum aðila má ráða að ekkert varð af afhendingu vörunnar á umræddu tímabili. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi síðan hætt að svara skilaboðum hennar og lokað fyrir tölvupóst sinn. Sóknaraðili ítrekaði ósk sína um afhendingu margsinnis í kjölfarið án árangurs. Þann 9. janúar 2023 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili enn ekki brugðist við kröfu hennar þess efnis. Krefst sóknaraðili

því fullrar endurgreiðslu kaupverðs úr hendi varnaraðila auk endurgreiðslu málskotsgjalds til kæruneftdarinnar.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti grjónapúða í vefverslun varnaraðila 25. nóvember 2022 fyrir 15.810 krónur. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili enn ekki afhent hina keyptu vöru. Með skilaboðum á Messenger 9. janúar 2023 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs en líta verður svo á að sóknaraðili hafi þann dag rift kaupnum.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl). Í málinu liggur fyrir að samningur um kaup á umræddri vöru komst á þann 25. nóvember 2022 með greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 15.810 krónur til varnaraðila. Af málgögnum má ráða að enn hefur ekki orðið af efndum varnaraðila þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Ekkert liggur fyrir um að varnaraðila sé ófært að afhenda þá vöru sem um var samið. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á með sóknaraðila að hún geti rift samningnum og krafist endurgreiðslu úr hendi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 15.810 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 15.810 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson